

SIGRÚN KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

## AÐ SJÁ LJÓSIÐ Í MYRKRINU

**Árið 2010 er tileinkað baráttu við fátækt og félagslega einangrun í Evrópu. Þjóðirnar 27 í Evrópusambandinu, auk Íslendinga og Norðmanna ætla að takast á við fátæktina á ýmsan hátt. Á Íslandi var meðal annars hrint í framkvæmd sérstöku átaki til þess að veita ungu atvinnulausu fólki fleiri og fjölbreyttari tilboð um vinnu, menntun eða annars konar virkni.**

Atvinnuleysið á Íslandi hefur bitnað harðast á ungu fólki undir 25 ára aldri. Um það bil 2.700 einstaklingar á aldrinum 16–24 ára voru á vordögum 2010 án atvinnu. Reynsla annarra þjóða, meðal annars Finna, frá tíunda áratug síðustu aldar hefur sýnt fram á að afar brýnt er að koma í veg fyrir að ungt fólk verði utan gátta, afli sér hvorki menntunar né sæki vinnu. Gerist það, mun atvinnuleysið hafa langvarandi áhrif á líf þeirra og starfsframa. Til þess að koma í veg fyrir að slíkt hendi þennan fjölmenna hóp á Íslandi setti félags- og tryggingamálaráðuneytið fram markmið um að enginn verði án atvinnu lengur en í þrjú mánuði, án þess að fá tilboð um vinnu eða annars konar virkni. Markmiðinu skyldi náð fyrir þennan aldurshóp fyrir 1. apríl 2010. Vinnuálastofnun var falið að annast framkvæmd verkefnisins samkvæmt markmiðum þess. Stofnunin hefur unnið að verkefninu í samstarfi við fagfélög, fyrirtæki, frjáls félagasamtök, skóla og sveitarfélög. Nánari lýsing á átakinu er annars staðar í Gátt, í grein Hrafnhildar Tómasdóttur sem ber sama heiti og átakið, Ungt fólk til athafna.

TÆKIFÆRIN OG SAMSTARFS-  
AÐILAR

Strax á vordögum voru tilboðin ótal mörg og svo fjölbreytt að auðvelt átti að vera að finna eitthvað sem hentaði hverjum og einum. Hér má nefna að 40 einstaklingar hófu nám við Fjölbautarskólann í Breiðholti, þar sem boðið er upp á fjölda námsleiða á sviði lista og starfsnáms. Sex hópar hafa lokið námskeiðinu Vítamín, sem Hitt húsið stendur fyrir, til þess að styrkja sjálfstraustið. 80 manns voru skráðir á vinnuvélanámsskeið. 30 manns skráðu sig á námskeið í framreiðslu og barþjónustu við Hótel- og matvælskólann í Menntaskólanum í Kópavogi. Þá hefur einnig verið mikill áhugi á starfi sjálfboðaliða fyrir Rauða krossinn, Íþróttasamband Íslands og Ólympíunefndina. Í þessari grein er ætlunin að fjalla nánar um tilboð sem Mímir-símenntun bauð upp á. Þar á bæ voru

valin sérstök verkefni í tengslum við átakið. Námsleiðirnar voru lagaðar að þörfum markhópsins, ungu fólki undir 25 ára aldri, og hafa þær reynst vinsælar. Þeirra vinsælust var námsleiðin Færni í ferðaþjónustu.

ERT ÞÚ Á ALDRINUM 16–24 ÁRA  
OG HEFUR ÁUNNIÐ ÞÉR RÉTT TIL  
ATVINNULEYSISBÓTA?

Þetta var spurningin sem unga fólkíð þurfti að svara. Meðal þeirra sem svöruðu henni játandi voru Helene van Doom og Sverrir Örn Einarsson. Þau voru meðal þeirra sem völdu að sækja námsleiðina Færni í ferðaþjónustu. Þeim var, eins og mörgum öðrum atvinnulausum, boðið á kynningarfund þar sem úrræðin voru kynnt. Sverrir segir ástæðu sína fyrir að velja einmitt þessa leið vera þá að ferðaþjónusta sé atvinnugrein í örum vexti um allan heim og það skapi tækifæri til starfa. Sverrir lauk stúdentsprófi fyrir rúmu ári síðan en hann er ekki búinn að ákveða hvað hann langar til að leggja fyrir sig í framtíðinni. Hann var í skemmtilegu starfi en eftir að kreppan skall á var honum sagt upp í kjölfar hagræðingar. Hann vildi nota tækifærið til þess að afla sér nýrrar færni og þáði því boðið um að vera með í Færni í ferðaþjónustu með þökkum.

– Ég hef áhuga á að ferðast og kynnast framandi menningu. Á ferðum mínum hefur mér orðið ljóst hve mikilvægt það er að samræmi sé í þjónustunni.

– Mér finnst afskaplega gefandi að vinna með fólki og fyrir fólk, segir Helene. Hún er líka í leit að atvinnu. Auk þess að taka þátt í námsleiðinni Færni í ferðaþjónustu er hún í fjarnámi til þess að ljúka stúdentsprófi. Hún upplýsir að atvinnuleitendum sé heimilt að taka allt að 9 einingum á önn í framhaldsskóla án þess að bæturnar skerðist. Þeir verða sjálfir að greiða fyrir kennsluna en geta sótt um að fá endurgreitt frá starfsmenntasjóði.

– Það er skemmtilegt að taka þátt námskeiðinu, kennslunni er öðruvísi hagað en maður á að venjast í skólakerfinu.



Leiðbeinendurnir líta frekar á okkur sem jafningja. Þeir gera kröfur um að við séum skapandi og þorum að taka frumkvæði, segir Sverrir. Hann segir að það sé mikilvægt fyrir sig að kennslan sé einstaklingsmiðuð. – Við höfum öll ólíkan bakgrunn og þess vegna þurfum við að beita mismunandi aðferðum til þess að tileinka okkur námsefnið. En samt er kennslan á faglega háu plani. Það var til dæmis þjónn sem kenndi okkur að leggja á borð og hóteltjóri sem hélt fyrir okkur erindi um rekstur hótels.

#### VIÐ URÐUM SJÁLF AÐ SETJA Á LAGGINAR EIGIÐ FYRIRTÆKI Á NÁMSKEIÐINU

Þau færast öll í aukana þegar talið berst að eigin fyrirtæki. Þau áttu að leggja fram allt efni til grundvallar viðskiptahugmyndinni, lýsa vinnuferlum og skipta ábyrgð. Þá voru þau send út af örkinni til þess að heimsækja ólík fyrirtæki sem þjónusta ferðamenn. Sundhallir, bensinstöðvar og bakarí eru ekki meðal þeirra fyrirtækja sem fyrst koma upp í hugann þegar maður er að velta ferðaþjónustu fyrir sér, samt eru þessi fyrirtæki nauðsynlegir hlekkir þjónustunnar fyrir erlenda ferðamenn sem heimsækja Reykjavík.

– Við áttum að upplifa þjónustuna. Það var áhugavert að koma aftur til baka og velta báðum hliðum fyrir sér. Annars vegar út frá sjónarhorni neytandans og hins vegar þess sem veitir þjónustuna, segir Sverrir.

– Að veita þjónustu felur í sér samskipti. Hversu leikinn

maður er að taka þátt í leiknum hefur áhrif á það hvernig maður upplifir þjónustuna, hvort hún er góð eða slæm, segir Helene.

Báðum þótti mikið til þess koma að Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, (SAF) skyldi heimsækja námskeiðið til þess að segja frá ferðaþjónustu sem atvinnugrein á Íslandi og að hún segði þeim að þar væri þörf fyrir þeirra vinnuframlag. Ef greininni ætti að vaxa fiskur um hrygg væri þörf á þekkingu og færni í ferðaþjónustu. SAF vinnur að því að efla færni innan ferðaþjónustunnar, sér í lagi í gistihúsum, framreiðslu og affreyngargeiranum. Ungu fólkið hefur trú á að það fái vinnu að loknu námskeiðinu. – Við sjáum ljósið í myrkrinu, segir Helene.

Ekki skyldi gera lítið úr þeim vandamálum sem blasa við ungum atvinnuleitendum í dag, en þess verður þó að gæta að greina má ljós í myrkrinu. Niðurstöður nýlegrar könnunar sýna að börn og unglingar á Íslandi búa ekki við síðri kjör en áður en kreppan skall á. Þrátt fyrir að áhrif hennar hafi verið viðtæk, eru aðrir þættir sem vega upp á móti þeim. Meðal þess sem fram kemur í niðurstöðum könnunarinnar er að margir hafa meiri tíma til þess að sinna fjölskyldunni. Samheldnin vex, fólk tekur höndum saman þegar vandamálín steðja að. Hins vegar hefur fólk áhyggjur af því að ástandið verði viðvarandi. Þá getur vonleysið sem oft er fylgisveinn atvinnuleysisins, gripið um sig hjá þeim sem búa við bág kjör. Það er eins og áður hefur komið fram, og staðfest hefur verið með rannsóknum, að áhrifa þess að verða atvinnulaus á unga aldri gætir fram á fullorðinsár.

– Það er ótrúlega mikilvægt að halda rútinunni, koma sér í form og gera áform um framtíðina, og mér finnst þetta tilboð gagnast okkur vel til þess, segir Sverrir Örn Einarsson. Íslendingar eru þekktir fyrir að vera þrautseigir. Þrátt fyrir langtíma harðindi höfum við þraukað. Rétt eftir að ég missti vinnuna voru færri tilboð. En mér finnst eins og það sé hlustað á okkur. Opinberir aðilar hafa brugðist við með langtíma sjónarmið að leiðarljósi og það verður þörf fyrir krafta okkar í framtíðinni.

– Að vera virkur og taka þátt í námskeiðinu veitir manni nýja sýn á lífið og gerir mann hæfilega bjartsýnan. Við komum auga á ný tækifæri, erum hvött til þess að grípa þau og halda áfram í lífinu, segir Helene Van Doom að lokum.